

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 6 7. janúar 1963, um takmörkun leigubifreiða í Keflavík og um ráðstöfun atvinnuleyfa.**

**1. gr.**

Við 13. gr. reglugerðarinnar bætist nýr liður, svo hljóðandi:

d) Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis getur heimilað leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó eigi lengur en allt að 4 vikum árlega.

**2. gr.**

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 31. janúar 1966, um leigubifreiðar, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 19. júlí 1966.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

31. júlí 1966.

Nr. 165.

**REGLUGERÐ**

**um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.**

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, annarra en fjölskyldu-bóta, skulu hækka um 5.2% frá 1. júlí 1966 að telja.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að greiða umrædda hækkun bóta á þessu ári í einu lagi með desembergreiðslu bóta.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 23. apríl 1965, um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1966.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

22. júlí 1966.

Nr. 166.

**AUGLÝSING**

**um varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.**

Þar sem garnaveiki hefur fundizt í búfé á 15 bæjum í Þverárhlíð, Stafholtstungum, Norðurárdal, og enn fremur í Borgarnesi, er samkvæmt heimild í 44. gr. laga nr. 23, 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, bannaður allur flutningur búpenings til lífs úr Mýrarhólfi, austan Langár. Enn fremur